

Björn stofnaði síðar sína eigin verzlun, sem hann hefur jafnan rekið af miklum myndarskap. Einnig varð hann hluthafi í Ísfélagi Vestmannaeyja og formaður þess. Hann hefur oft staðið framarlega í stjórnámálum og setið í bæjarstjórn og stundum verið ritstjóri fyrir flokksblaði sjálfstæðismanna í Eyjum.

En einn maður er mér minnisstæðastur frá verzlunartímabilinu. Hann var hjá mér innanbúðar árum saman. Það er Oddgeir Kristjánsson tónskáld. Hann er nýdáinn. Hann byrjaði snemma hjá mér í Vöruhúsinu, í matvöru-deildinni. Hann var afgreiðslumaður eins og ég get hugsað mér hann fullkomnastan. Hann var stundvís. Það var gaman að sjá hann snara sér í hvíta sloppinn og vinda sér að því að afgreiða viðskiptavinina. Hann var laglegur maður, í meðallagi hár, ljóshærður og bjartur yfirlitum. Hann laðaði fólk að sér með sinni ljúfmannlegu framkomu. Hann var nákvæmur í störfum og jafnheiðarlegur gagnvart viðskiptavininum sem húsbóndanum og reyndi alltaf að gera það, sem hann vissi sannast og réttast. Hann naut því fyllsta trausts í öllum verkum.

Hann byrjaði snemma að fást við músík, og árum saman samdi hann lög við þjóðhátíðarljóð, sem vinur hans, Árni í Eyjum, orti og Lúðrasveit Vestmannaeyja spilaði, en Oddgeir stjórnaði. Ási í Bæ söng lögin. Þessir þrír voru góðir félagar og miklir vinir skáldsins Sigurbjörns Sveinsonar. Allir voru þeir unnendur hljómlistar og skáldskapar. Allir voru þeir vinstri sinnaðir og þeim mun lengra til vinstri, sem meira leið á ævina, þó að sá gangur lífsins sé sjaldgæfur.

Ég var alltaf að smástækka frystihúsið í Vöruhúsinu. Nú kom að því, að ég tók mín fyrstu lán í útibúi Útvegs-